



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 6. maí 2020



Fimmtánda fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 6. maí 2020 kl. 12.30.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Inga Lilja Lárusdóttir

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 3 mánaða uppgjör
AP kynnti 3 mánaða uppgjör HSÍ og er uppgjörið jákvætt og horfur ágætar.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
 - a. Starfsemi skrifstofu HSÍ og verkefni sumarsins
RG kynnti aðeins stöðu skrifstofu HSÍ en staðan þar er óbreytt milli mánaða. Ráðning á mótastjóra stendur yfir og er áætlað að henni ljúki í vikunni. Haldin verða sumarmót í 4.-6. flokki í byrjun sumars og verður þeim úthlutað í vikunni. Keyrð verða verkefni í yngri landsliðum í lok sumars. Þá er hugmynd hjá markaðsnefnd að fara í fjáröflun í sumar og kynnti JVS þá hugmynd fyrir stjórn og var markaðsnefndinni falið að vinna hana áfram.
 - b. Bréf frá EHF varðandi lok tímabilsins
EHF hefur aflýst öllu mótahaldi hjá sér og það á meðal undankeppni EM kvenna sem og undankeppni HM karla. A landslið karla er því komið á HM í Egyptalandi.
 - c. Fjármál félaga
ÍSÍ hefur kynnt með hvaða hætti fjárhagsstyrk ríkisins verður skipt en 300 milljónum verður úthlutað í almennu úrræði og 150 milljónum í sértækum úrræðum. ÍSÍ mun kynna um miðjan maí með hvaða hætti umsóknarferli í sértæku úrræðunum verður og verður það sérstaklega kynnt.
4. Formannafundur HSÍ
Formannafundur HSÍ verður haldinn 13. Maí kl.16.00. RG mun boða hann.
5. Ársþing HSÍ
Ársþing HSÍ verður boðað 10. Júní kl.15.00. Skrifstofa HSÍ mun hefja undirbúnings þess.
6. Kvörtun HK varðandi viðræður við samningsbundna leikmenn
Kvörtun barst frá hkd. HK varðandi meint brot hkd. Stjórnunnar varðandi viðræður við samningsbundinn leikmann. Greinargerð hefur borist frá hkd. Stjórnunnar. Stjórn HSÍ telur ljóst að hkd. Stjórnunnar hefur brotið gegn reglugerð HSÍ um félagaskipti. Stjórn HSÍ ákvað að sekta hkd. Stjórnunnar um kr.50.000.-.
7. Önnur mál
RG átti símafund með Kempa í morgun og er fyrirhugað að eiga vinnufund með þeim í haust. Undirbúningur fyrir útgáfu afmælistreyju er hafinn og mun markaðsnefnd vinna það mál áfram.



Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 3. júní kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari